

Bergljót Sigríður Einarsdóttir

From: Jórunn Gunnarsdóttir <jorunn@landsnet.is>
Sent: föstudagur, 14. október 2022 14:31
To: Skipulag
Subject: Umsögn Landsnets um deiliskipulagstillögu vegna Suðurlandsvegar í Kópavogi og Mosfellsbæ
Attachments: 2022.10.14 Umsögn Landsnets um deiliskipulagstillögu vegna Suðurlandsvegar í Kópavogi og Mosfellsbæ_undirritud.pdf

Góðan daginn!

Meðfylgjandi er umsögn frá Landsneti.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Bkv. Jórunn

Jórunn Gunnarsdóttir

Verkefnisstjóri

Stjórnunarsvið / Corporate Service & Communications

Tel / Sími +354 563 9313 / Mobile / Gsm. +354 695 0635 / jorunn@landsnet.is

LANDSNET

www.landsnet.is / www.facebook.com/landsnet / www.linkedin.com/company/landsnet /
www.instagram.com/landsnet

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Umhverfissvið Kópavogsbæjar
skipulagsdeild
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

14.10.2022
2022-09-18/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um deiliskipulagstillögu vegna Suðurlandsveggar í Kópavogi og Mosfellsbæ

Landsneti hefur borist erindi frá skipulagsdeild Kópavogsbæjar, dags. 31. ágúst 2022, þar sem óskað er eftir umsögn um deiliskipulagstillögu vegna Suðurlandsveggar í Kópavogi og Mosfellsbæ. Frestur til að veita umsagnir er til 14. október 2022. Um er að ræða skipulag fyrir breikkun Suðurlandsveggar frá Geithálsi vestan Hólmsár að tvíbreiðum hluta núverandi vegar austan Lögbergsbrekku.

Landsnet hefur farið yfir skipulagsgögnin. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Landsnet minnir á að Búrfellslína 3, sem er 220 kV loftlína á vegum fyrirtækisins, liggur um svæðið og þverar Suðurlandsveg milli Fossavalla og Mosa. Ekki er gerð grein fyrir legu línunnar í skipulagstillögunni. Á uppdrættinum Lækjarbotnar – Fossvellir er sýnt svæði sem markar kvöð um lagnaleið fyrir háspennu, um það bil á því svæði þar sem Búrfellslína þverar veginn. Engin umfjöllun er um þessa kvöð í greinargerð skipulagsins.

Af öryggisástæðum telur Landsnet mikilvægt að í deiliskipulaginu verði gerð grein fyrir legu línunnar, til að tryggja að tekið verði mið af henni við leyfisveitingar og mögulegar framkvæmdir á svæðinu. Vel gæti átt við að gera grein fyrir línunni í kafla 1.3 um skipulagssvæðið og staðhætti. Í kafla 2.1.3 í greinargerð deiliskipulagsins er fjallað um landnotkun samkvæmt gildandi aðalskipulagi Kópavogs. Háspennulínan er ekki tilgreind í kaflanum, þrátt fyrir að í aðalskipulaginu sé gerð grein fyrir línunni og helgunarsvæði hennar.

Landsnet telur að ekki sé heppilegt að skilgreina svæðið meðfram háspennulínunni sem kvöð um lagnir. Æskilegt er að svæðið verði skilgreint sem helgunarsvæði í samræmi við íslenska staðla og að ákvæði verði sett um framkvæmdir og umgengni um það. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Dæmigerð breidd helgunarsvæðis 220 kV loftlínu er 65-85 m, þ.e. 32,5 – 42,5 m til hvorrar handar. Mikilvægt er að helgunarsvæðið sé sýnt á deiliskipulagsuppdrætti.

Í þriðja kafla greinargerðar deiliskipulagsins þarf að gera grein fyrir þeim kvöðum sem gilda um helgunarsvæði línunnar, á því svæði þar sem hún liggur innan skipulagssvæðisins. Kvaðir þurfa að vera skýrar þar sem um að ræða mikilvæga flutningsleið raforku. Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við svæðið til að tryggja persónuöryggi og örugga afhendingu rafmagns.

Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Tryggja þarf að helgunarsvæði háspennulínunnar sé virkt. Nauðsynlegt er einnig að tryggja greiðan aðgang að línunum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum Háspennulínur – aðgát skal höfð sem er að finna á heimasíðu Landsnets. Landsnet bendir einnig á kortavefsjá fyrirtækisins <https://www.map.is/landsnet/> en þar má sjá nákvæma legu háspennulínunnar.

Landsnet bendir á að ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulína og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur.



Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir.

Landsnet gerir kröfu um að fá áhættugreiningu verksins til umsagnar áður en verkið verður unnið. Gera þarf stjórnstöð Landsnets viðvart í síma 563 9401 áður en vinna hefst undir Búrfellslínu 3.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson



Undirritað af:
Einar Snorri Einarsson
3101723759
Dags: 14.10.2022
Tími: 14:11:52
Astæða: Samþykkt
Signet ID: 2b5bfb5e-
98f3-4d72-b19f-
66aeaae32b35